

Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 9. maí kl. 8:20

Mættir: Stefnía, Guðbjörg, Mattías, Berglind, Maron og Júlía

Farið yfir fundargerð síðasta fundar:

Nemendur ekki búnir að finna peysur, stefnt að því að fá tilboð fyrir vorhátíð og bjóða þeim sem vilja að máta og panta peysur fyrir haustið í tengslum við vorhátíðina. iPadyfirferðin flóknari og erfiðari í framkvæmd en gert var ráð fyrir – ekki komið í lag. Klakavél og dúkkubörn enn í umræðunni.

Önnur mál:

1. Óskað eftir hengirúmi í félagsrými, tillagan og útfærslan rædd, kannski svolítið flókið ef festa á hengirúmið við vegg.
2. Bláberjasulta á ristudu brauði, svolítið einhæft, er hægt að fá aðrar gerðir af berjasultu t.d. með heilum berjum í?
3. Sparkvöllurinn:
 - Óskað eftir neti í kring svo boltarnir fari ekki svona mikið útaf, rætt hvernig þetta er á öðrum sparkvöllum – hafa nemendur séð slíka netúfærslu?
 - Völlurinn er orðinn ójafn og svarta kurlið er að lita nemendur, skó og föt. Líklegt að snjóbræðslukerfi undir vellinum verði komið í gagnið næsta vetur þar sem verið er leggjá meira heitt vatn inn á svæðið. Ákveðið að senda aftur erindi til Mannvirkja- og framkvæmdanefndar Hvalfjarðarsveitar um að skipta út kurlinu og óska eftir lagfæringum varðandi ójöfnur, safnast líka vatn á völlinn, spurning um að skoða drenið.
4. Óskað eftir að unglingar fái að fara í heimsókn í Brekkubæjarskóla á skólatíma.
5. Óskað eftir textílsmiðju á næstu smiðju unglinga. Það ákveðið.
6. Óskað eftir betri aðstöðu fyrir hljóðkerfið, stærra borð og læstur skápur þar sem hægt er að læsa inni viðkæman og flókin búnað.
7. Óskað eftir fleiri íþróttatímum. Nemendur skólans eru að fá íþróttatíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Þurfum líka að koma öðrum námsgreinum fyrir í stundatöflu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:50